



**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/193**  
**komudagur 16.11.2011**



Skrifstofa Alþingis  
Umhverfis og samgöngunefnd  
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. nóvember 2011

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fólksflutninga og farmflutninga á landi, nr. 73/2001. Þskj. 197 - 192. mál.**

Samtök ferðaþjónustunnar hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um fólksflutninga og farmflutninga á landi, nr. 73/2001 og farið yfir það með Samtökum atvinnulífsins.

Samtök ferðaþjónustunnar hafa ekkert komið að samningu þessa frumvarps þótt frumvarpið snerti augljóslega hagsmuni félagsmanna þess sem starfa í ferðaþjónustu og sinna nú þegar reglulegum fólksflutningum innan og milli þéttbýlisstaða (sveitarfélaga) og til alþjóðaflugvalla s.s. Keflavíkurflugvallar og vinsælla ferðamannastaða innanlands. Fram kemur í almennum athugasemdum frumvarpsins að frumvarpið sé lagt fram til færa skipulagningu sérleyfisaksturs til landshlutasamtaka sveitarfélaga og nú þegar sé í gangi vinna, samningsgerð við landshlutasamtök sveitarfélaga í samræmi við þetta. Það ætti að vekja athygli Alþingis að Vegagerðin skuli hefja samningsgerð við landshlutasamtök sveitarfélaga án þess að lagaheimild sé til þeirra samninga.

***Samtök ferðaþjónustunnar lýsa áhyggjum sínum af því að með fyrirhuguðum breytingum á lögum um fólksflutninga sé einungis verið að lagfæra lítinn hluta af lögnum til að veita sveitarfélögum eða samtökum þeirra heimild til að koma í veg fyrir samkeppni. Jafnframt benda samtökin á að í langan tíma hefur verið óskað eftir heildarendurskoðun á þessum lögum vegna formgalla á ákvæðum um leyfismál og eftirlit, en sú vinna hefur setið á hakanum þar sem að slík breyting þykir of léttvæg.***

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að aðeins einkaleyfishöfum sé heimilt að stunda reglubundna fólksflutninga nema einkaleyfishafi gefi til þess sérstakt leyfi. Þessi breyting er til þess fallin að styðja við einokun sveitarfélaga eða samtaka sveitarfélaga á fólksflutningum. Leiðir sem í dag teljast fólksflutningar á samkeppnisgrundvelli eru í mikilli hættu verði frumvarpið að lögum þar sem margar leiðir eru reknar án aðkomu opinberra aðila. Þessu til stuðnings benda samtökin á leiðir sem að ferðaþjónustufyrirtækin stunda samkeppni á í dag, eins og á milli Reykjavíkur og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Lagafrumvarpið getur einnig stuðlað að því að ýmsir aðrir þjónustubættir á Íslandi verði bundnir einkaleyfi sveitarfélaga eða samtaka þeirra nái þau fram að ganga.

Augljóst er að þar sem samkeppnisrekstur er nú þegar til staðar án sérleyfa, t.d. milli Rvk og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar þá verður því ekki breytt án skaðabótaskyldu ríkissjóðs. Ekki er hægt að veita landshlutasamtökum einkaleyfi og útiloka samkeppnisaðila án skaðabóta.

Í stað þess að veita sveitarfélögum og samtökum þeirra þetta vald til einokunar (einkaleyfi) væri nær að leyfa frjálsa samkeppni á öllum samgönguleiðum og nýta frekar það fjármagn sem fer í málaflökkinn til að styðja við þær fáu leiðir sem frjálsa samkeppnin þjónustar ekki. Vegagerðin gerði fyrir ári síðan könnun á því hversu margar leiðir fengju þjónustu án fjármagns frá opinberum aðilum og var það meirihluti núverandi samgöngukerfis.


SAF benda einnig á að nú stendur yfir vinna í innanríkisráðuneytinu sem miðar að því að endurskoða lög um almenningssamgöngur í heild sinni og því er það á skjön við hægaganginn á þeirri vinnu að setja inn þessar samkeppnishamlandi breytingar í fljótfærni vegna hagsmuna örfárra sveitarfélaga. Samtökin benda einnig á að hugmyndir varðandi breytingu á lögum um fólks- og farmflutninga sem snúa að leyfis og eftirlitsmálaum voru settar í bið þar sem ekki þótti ástæða til að gera litlar breytingar.

***Samtök ferðaþjónustunnar og Samtök atvinnulífsins mótmæla fyrirhugðum breytingum á lögum um fólksflutninga, þar sem að sú breyting sem fyrirhuguð er á lögnum er samkeppnishamlandi og sveitarfélögum eða landshlutasamtökum þeirra verður veitt vald til að ákveða hvaða þjónustu ferðaþjónustufyrirtæki geti veitt á hverju svæði.***

Virðingarfyllst



Samtök ferðaþjónustunnar  
Gunnar Valur Sveinsson



Samtök atvinnulífsins  
Jón Rúnar Pálsson